

Efnahags- og viðskiptanefnd
V.t. Benedikt Sigurðsson
Alþingishúsinu við Austurvöll

Reykjavík, 20. nóv. 2014

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, lögum um fjársýsluskatt, tollalögum, lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og lögum um búnaðargjald, með síðari breytingum (samræming og einföldun). Þingskjal 458 — 356. mál. (Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.). Einkum og sér í lagi er þó gerð athugasemd við þá ráðagerð að ætla að fella niður eftirfarandi orðalag: „með tilliti til milliverðlagningarreglna Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD)“, sbr. 1. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Rök

Með lögum nr. nr. 142/2013 voru settar almennar reglur um leiðréttingu millilandalægra viðskipta hjá tengdum aðilum. Gerðist það með lögfestingu fjögurra nýrra málreina sem komið var fyrir í 57. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Í ákvæðinu voru fyrir tvær málsgreinar, 1. málsgrein er lögtekin var 1971 og 2. mgr. er lögtekin var 1978. Úf af fyrir sig hefði verið unnt að notast við þær en þar sem leiðréttingargrundvöllur þeirra greina er að nokkru leiti annar en milliverðsreglna OECD var tvímælalaust rétt að lögfesta nýtt ákvæði.

Ekki nóg með það. Þannig má færa að því rök að umrædd ákvæði hafi ekki veitt fullægjandi endurákvörðunarheimild þegar um milliríkja viðskipti er að ræða. Í tvísköttunarfyrirmynd OECD er fjallað um leiðréttingu viðskiptakjara hjá tengdum aðilum í 9. gr. Þar sem tvísköttunarsamningar eru umfram allt ívilnandi tæki er þó ekki unnt að beita umræddri heimild innan lands í hlutaðeigandi ríki nema fyrir hendi sé innlend regla er gerir það kleift.

Ákvæði 9. gr. fyrirmyndar OECD að tvísköttunarsamningi byggir á milliverðsreglum OECD. Sem slíkar eru þær ákvæðinu til fyllingar. Nú er

SkattVís slf., skattaráðgjöf og fræðsla | Kt.: 480803-2560 | VASK nr. 79956.
Ásmundur G. Vilhjálmsson, lögmaður, Skafthlíð 11, 105 Reykjavík
Heimasíða: <http://www.skattvis.is> | Netfang: agv@skattvis.is
Áhersluatriði: Einstaklingsskattaréttur, fyrirtækjaskattaréttur og alþjóðlegur skattaréttur
Stofnun og skráning félaga, umbreyting rekstrarforma með sameiningu og skiptingu,
Gerð erfðaskráa og skipting dánarbúa, samning eignaskiptasamninga og fjöleignarhúsaréttur,

starfsmannaréttur o.fl
Ásmundur G. Vilhjálmsson er fastráðinn kennari við Viðskiptadeild Háskóla Íslands
Phone: +354 552 0488 (office) | +354 822 0487 (mobile)

Það mjög misjafnt hversu langt ríki ganga í lögleiðingu reglnanna. Beina tilvísun til reglnanna er að finna í lögum ríkja eins og Ástralíu, Noregs og Stóra Bretlands. Önnur ríki þar með talið Danmörk og Holland hafa hins vegar látið sér nægja að taka fram í frumvarpi til laga að byggja beri á reglunum í reynd sem er auðvitað það sem flest ríki gera með einum eða öðrum hætti.

Aðaltilgangur 9. gr. tvísköttunarsamningsfyrirmyndar OECD er að fyrirbyggja tvískattlagningu. Besta leiðin til að ná því markmiði er að öll ríki leiðrétti á sama grundvelli. Að fella niður eftirfarandi orðalag: „með tilliti til milliverðlagningarreglna Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD)“, sbr. 1. tölul. 3. gr. frumvarpsins, sem hefur **aðeins** verið í gildi í eitt ár, er því ekki tímabært að mínu mati.

Virðingarfyllst,

Ásmundur G.

Vilhjálmsón

Ásmundur G. Vilhjálmsón
Skaftahlíð 11
105 R